

Umsögn um tillögu biskupafundar vegna sameiningar Breiðabólstaðar- og
Melstaðarprestakalls

Varðar 30.grein málaskrár kirkjuþings 2021-2022

Sóknarnefnd Prestbakkakirkju í Melstaðarprestakalli tók til umræðu tillögu biskupafundar frá 2. nóvember 2021 um sameiningu fyrrnefndra prestakalla og lýsir sig alfarið og einróma á móti henni, þar sem fækkun sóknarpresta úr tveimur í einn myndi leiða til skertrar þjónustu við sóknarbörn þeirra.

Nú á tímum þarf þjóðkirkjan aldrei sem fyrr á öflugum starfi að halda og eru störf presta í fámennum prestaköllum eru afar fjölpætt. Öll þjónustan hvílir á herðum einnar manneskju, s.s. sálgæsla, heimsóknarþjónusta, bæði til einstaklinga og á dvalarheimili og sjúkrahús, fermingarfræðsla, barna-og unglingsstarf fyrir utan allt helgihald, útfarir og eftirfylgd með syrgjendum, fundi með sóknarnefndum og svo mætti lengi telja. Enn fremur yrði um óheyrilegan akstur á milli staða að ræða, sem er bæði kostnaðarsamur og tímafrekur, ef aðeins einn prestur ætti að sinna þessu víðfeðma svæði 12 kirkna og 8 sóknarnefnda.

Það er því eindregin ósk okkar að horfið verði frá sameiningu Breiðabólstaðar-og Melstaðarprestakalls, sem sennilega er hugsuð til að spara eitt prestsembætti og við teljum sömuleiðis að sóknarpresturinn eigi áfram að sitja prestssetrið á Melstað í Miðfirði svo sem verið hefur í árhundruð.

Með vinsemd og virðingu

Sóknarnefnd Prestbakkakirkju í Hrútafirði

Einar Esrason Kristín Guðbjörg Jónsdóttir Áslaug Helga Ólafsdóttir